**Nd. 461. Breytingartillögur [206. mál]**

við frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. 2. gr. orðist svo:
   Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá allt að helmingi og aldrei minna en ⅓ rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó ekki hærri upphæð en sem nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans.
2. 3. gr. orðist svo:
   Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla skulu ákveðnir í fjárlögum. Menntamálaráðuneytið áætlar styrkupphæð til hvers skóla um sig í samráði við skólastjóra með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans síðasta starfsár, sbr. 4. gr.